

Stofnanasamningur milli rekstraraðilar Tollhússins og SFR

skv. ákvæði 11. kafla í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra dags. 9.03.2005.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Tollhúsinu.

2. Starfaflokkar

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi starfaflokkum.

2.1. Grunnröðun

Verður sem hér segir:

	1.01.06	1.05.06	1.05.07
Umsjónarmaður 1	B5	009	010
Umsjónarmaður 2	B6	010	011

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

3.1. Starfsreynsla

Starfsmaður, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk

3.2. Menntun

Starfsmaður, sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- starfsmaður, sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi, skal hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður, sem hefur lokið þriggja vetra námi, skal hækka um 2 launaflokka

3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka

3.4. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni

- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

5. Endurskoðun

Hvor aðili fyrir sig getur farið fram á endurskoðun á þessum samningi hvenær sem er á samningstímanum. Samningur tekur gildi frá og með 1.01.2006

Reykjavík 24.2.2006

F.h. SFR- Stéttarfélag í almannapjónustu

F.h. rekstraraðila Tollhússins